



# JAFNRÉTTISÞING

## Ísland best í heimi?

### Föstudaginn 1. nóvember 2013 á Hilton Reykjavík Nordica.

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla boða félags- og húsnæðismálaráðherra og Jafnréttisráð til jafnréttisþings. Hlutverk þingsins er að efna til samræðu milli stjórnvalda og þjóðar um kynjajafnrétti og gefa öllum áhugasömum kost á að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum. Fjallað verður um fjölmargar hliðar jafnréttismála en megináhersla þingsins er á jafnrétti á vinnumarkaði.

Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis.

#### Dagskrá:

Þingstjóri: Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, leikkona.

**09:00 – 09:10** Fanný Gunnarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Ávarp og setning jafnréttisþings.

**09:10 – 09:35** Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2013.

**09:35 – 09:50** Anna Kolbrún Árnadóttir, formaður aðgerðahóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti. Kynning á tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals ÍST 85:2012.

**09:50 – 10:30** Inge Ovesen, deildarstjóri í ráðuneyti jafnréttismála í Noregi.  
„Equality does not occur by itself - Challenges and Dilemmas in Norwegian Equality Policy.“

**10:30 – 11:00** **Kaffi.**

**11:00 – 11:30** Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor í kynjafræðum við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.  
„Frelsisbylgjur og mótbárur.“

**11:30 – 12:20** **Hádegisverður.**

**12:20 – 14:40** Málstofa 1: Jafnvægi: List hins ómögulega. Um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.  
Málstofa 2: Meira sundur en saman. Um orsakir og afleiðingar hins kynskipta vinnumarkaðar.  
Málstofa 3: Allar krónur eru kynjakrónur. Um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð.  
Málstofa 4: Gangan langa. Konur, völd og áhrif.  
Málstofa 5: Útvíkkun jafnréttishugtaksins. Innleiðing Evróputilskipana um jafna meðferð einstaklinga.  
Málstofa 6: Réttarkerfið og réttlætið. Um einkenni og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins.

**14:40 – 15:00** **Kaffi.**

**15:00 – 15:30** Edda Björgvinsdóttir, leikkona og fyrirlesari. „Húmor og gleði í leik og starfi er dauðans alvara ... líka í jafnréttisbaráttu.“

**15:30 – 16:30** Er Ísland best í heimi? Í pallborðsumræðum þingsins ræðir forystufólk úr stjórnmálum og frá vinnumarkaði sem og fulltrúar háskólasamfélags, stjórnsýslu og ungmenna um stöðu og þróun jafnréttismála.

**16:30 – 17:00** Samantekt og þingslit.  
Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



JAFNRÉTTISRÁÐ